



Alþýðusamband Íslands

43. þing Alþýðusambands Íslands tekur undir kröfur Kvennafrídagsins 24. október 2018

Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!

Frásagnir kvenna af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnumarkaði undir myllumerkinu #MeToo, undirstrika að kjaramisrétti er ekki eina misréttið sem konur þurfa að glíma við á vinnumarkaði.

43. þing ASÍ lýsir yfir stuðningi við þær þúsundir kvenna sem hafa komið fram og deilt sögum sínum af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnustað og í samfélaginu öllu.

Það er hlutverk verkálýðshreyfingarinnar að berjast fyrir jafnrétti og gegn óréttlæti og styðja við þá sem brotið er á. Konur eiga að vera öruggar í vinnunni og samfélaginu öllu.

Þrátt fyrir að árangur hafi náðst í átt að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði þá hafa konur 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar.

- Við krefjumst þess að launamun kynjanna verði útrýmt!

Konur vinna lengur en karlar ef lögð er saman vinnan innan heimilis og utan. Konur eru að jafnaði fjórfalt lengur frá vinnumarkaði en karlar vegna barneigna og þriðjungur kvenna er í hlutastarfi vegna ábyrgðar á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Hefðbundin kvennastörf eru vanmetin sem endurspeglast í lægri launum og lakari vinnuaðstæðum. Þetta vanmat á framlagi kvenna þýðir lægri ævitekjur og lífeyrisgreiðslur og vaxandi kulnun í starfi.

- Við krefjumst þess að störf og vinnuframlag kvenna verði metin að verðleikum!

Það á að virða grundvallarmannréttindi allra á Íslandi, svo engin þurfi að líða fyrir uppruna sinn, félagslega stöðu eða efnahag.

- Við krefjumst þess að öll eigum við rétt á að starfa í öruggu umhverfi, laus við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunum af öllu tagi!

Með samstöðu og sameiginlegri baráttu munum við breyta samfélaginu til hins betra!

Við erum sterkari saman!